Umsókn um styrk til sveitarfélaga í þágu farsældar barna

Mennta- og barnamálaráðneytið / 13.10.2026
20:54

Um úthlutunina

Mennta- og barnamálaráðuneytið auglýsir eftir umsóknum frá sveitarfélögum um styrki til verkefna sem miða að því að efla farsæld barna. Styrkirnir eru veittir til verkefna sem stuðla að bættri þjónustu og velferð barna, þar á meðal á sviði menntunar, frístundastarfs, forvarna, samfélagslegrar virkni og ráðgjafar og stuðnings við börn og fjölskyldur þeirra. Sérstök áhersla er lögð á verkefni sem er ætlað að sporna við þróun í átt að auknu ofbeldi meðal barna.

Umsækjandi (sveitarfélag)

Nafn (sveitarfélag)	Sveitarfélagið Hornafjörður
Kennitala (sveitarfélag)	5901694639
Netfang (sveitarfélag)	velferd@hornafjordur.is

Tengiliður vegna styrkumsóknar

Nafn tengiliðs	Skúli Ingibergur Þórarinsson
Netfang tengiliðs	skuliing@hornafjordur.is

Upplýsingar um samstarfsaðila (ef við á)

Nafn samstarfsaðila	
Kennitala samstarfsaðila	
Netfang samstarfsaðilia	

Reikningsupplýsingar umsækjenda

Kennitala reikningseiganda	590169-4639
Banki	0169
Höfuðbók	26
Reikningur	85

Mótframlag umsóknaraðila

Er sótt um styrki vegna verkefnisins til annarra?	Nei
Ef já, til hvaða annarra aðila er sótt um styrk?	
Hefur verkefnið þegar hlotið styrk frá öðrum aðilum?	Nei
Ef já, hverjir hafa veitt verkefninu styrk?	

Verkefni

Heiti verkefnisins	Anime-Hornið
Sótt er um styrk að fjárhæð	2500000

Markmið verkefnisins

Meginmarkmið verkefnisins er að auka félagslega þátttöku og vellíðan unglingsstúlkna í 8.–10. bekk á Hornafirði sem standa utan hefðbundins skipulags íþrótta- og æskulýðsstarfs. Með vikulegum hittingum í Selinu er skapaður öruggur, rólegur og aðgengilegur vettvangur þar sem stúlkurnar rækta áhuga sinn á anime, teikningu og skapandi persónusköpun. Verkefnið rýfur félagslega einangrun, eflir sjálfsmynd og jafningjatengsl í raunheimum, og brúar bil yfir í virka þátttöku í samfélaginu.

Stutt lýsing á verkefninu

Verkefnið „Anime-Hornið“ er forvarnar- og virkniúrræði á vegum Sveitarfélagsins Hornafjarðar sem miðar að því að rjúfa félagslega einangrun og efla vellíðan stúlkna í 8.–10. bekk grunnskóla, með tengingu við nemendur í Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu (FAS).

Niðurstöður Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar sýna vaxandi vanlíðan, kvíða og einmanaleika meðal stúlkna á unglingastigi, samhliða miklum skjátíma. Á Höfn er öflugt íþróttastarf og opin félagsmiðstöð í Þrykkjunni, en hluti

unglingsstúlkna finnur sig ekki í hópíþróttum eða í hefðbundnu félagsmiðstöðvastarfi. Þessar stúlkur eiga hins vegar oft sameiginlegt brennandi áhuga á skapandi listum, teikningu, sögugerð og japanskri dægurmenningu (anime og manga).

Verkefnið felur í sér vikulega samveru í Selinu á Höfn. Valið á Selinu skiptir sköpum, en þar er boðið upp á hlýlegt, rólegt og heimilislegt umhverfi. Hittingarnir eru leiddir af virkniráðgjafa á velferðarsviði sveitarfélagsins í 20% starfshlutfalli, sem tryggir faglega utanumhald, jákvætt andrúmsloft og stuðning við tengslamyndun.

Dagskráin er mótuð með þátttakendum og byggir á hönnun eigin persóna, teiknikennslu, stafrænni myndsköpun, spjalli um anime-þætti og kynningu á japanskri menningu og matargerð. Boðið verður upp á sérsniðnar vinnustofur með fagaðilum í teikningu og myndskreytingum. Samhliða nýtir virkniráðgjafi vettvanginn til að ræða um mörk, samskipti, sjálfsmynd og geðrækt á óformlegum nótum.

Verkefnið fellur beint að áherslum ráðuneytisins um að auðvelda börnum sem standa utan hefðbundins starfs að taka þátt í félagsstarfi og veita snemmtækan stuðning samkvæmt farsældarlögum nr. 86/2021. Með því að virkja stúlkurnar út frá þeirra eigin áhugamálum er byggt upp sjálfstraust sem nýtist þeim til frambúðar og skapar brú inn í annað félagslíf í samfélaginu.

Hlutverk samstarfsaðila, ef við á

Verkefnið er sjálfsstætt en leitað verður til félagsmiðstöðva, grunnskóla og framhaldsskóla við að hvetja þátttakendur til þátttöku og koma á tengslum milli þeirra og verkefnastjóra.

Hvernig verður árangur verkefnisins mældur?

Árangur verkefnisins verður metinn með samspili gagna og eigindlegs mats á upplifun stúlknanna.

Í fyrsta lagi verður fylgst með reglulegri mætingu og þátttöku, þar sem stefnt er að því að 4-8 stúlkur sæki hittingana vikulega og að þátttaka haldist stöðug yfir skólaárið.

Í öðru lagi verður lögð fyrir stutt, aldurshæf könnun í upphafi og lok verkefnisins þar sem metin er upplifun þátttakenda.

Í þriðja lagi verður horft til staðbundinna gagna Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar fyrir unglingsstúlkur á Hornafirði með tilliti til félagslegrar einangrunar.

Að lokum verður fylgst með því hvort stúlkurnar efli félagsleg tengsl sín og sýni aukna virkni í öðru félags- og skóla

Lýsið hvernig verkefninu verður viðhaldið eftir að samningstímabilinu lýkur	STefnt að því að endurtaka verkefnið með framlagi sveitarfélagsins
Kynning á niðurstöðum	Unnin verður skýrsla um árangur og framþróun verkefnisins. skýrslan verður kynnt í velferðarnefnd, fræðslu og frístundanefn og bæjarráði.
Fagþekking verkefnateymis	Fagaðilar á velferðarsviði styðjan við verkefnið, félagsráðgjafar, þroskaþjálfar, félagsliðar og fleiri.

Reglur og ferlar

Verkefnið er ekki unnið skv. sérstökum verkferlum en í stuðnings og virkniþjónustu (Selið) er unnið skv. þjónandi leiðsögn, auk þess er unnið skv. hugmyndafræði valdeflingar.

Sundurliðuð kostnaðaráætlun

Heildarkostnaður verkefnisins er áætlaður 3.500.000 kr. Sótt er um 2.500.000 kr. í styrk úr sjóði Mennta- og barnamálaráðuneytisins, en eigið framlag Sveitarfélagsins Hornafjarðar nemur 1.000.000 kr. og felst í vinnuframlagi fasts starfsfólks og aðstöðu í Selinu.

Sundurliðuð kostnaðaráæltun

Skila þarf sundurliðaðri kosntaðaráælun með umsókn. Áætlunina þaf að fylla út í Excel-skjal sem er sótt hér að neðan. Útfyllt skjal skal senda sem viðhengi með umsókn.

- Sækja Excel-skjal

Fylgiskjöl til stuðnings umsóknar

Fylgiskjal 1	Styrkumsókn - Anime-Hornið.docx
Fylgiskjal 2	Kostnadar_og_fjarhagsaaetlun_Farsaeldarstyrkir SVF_sept2026 - AnimeHornið.xlsx